

## AUGLÝSING

### um breyting á lyfsöluskrá.

115

9. júní

Frá 15. þessa mánaðar hækkar verð erlendra sérlyfja (verksmiðjulyfja) um 20% frá greindu verði í lyfjaskrá II frá 20. september 1936, sbr. breytingar á þeirri skrá frá 1. nóvember 1937 og 4. ágúst 1938.

*Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 9. júní 1939.*

**Stefán Jóh. Stefánsson.**

*Gústav A. Jónasson.*

## SAMÞYKKT

### fyrir Fiskræktar- og veiðifélag Miðfirðinga.

116

21. júní

#### 1. gr.

Félagið heitir Fiskræktar- og veiðifélag Miðfirðinga. Skammstafað F. V. M. Heimili þess og varnarþing er Ásbyrgi í Miðfirði.

#### 2. gr.

- Tilgangur félagsins er að auka laxveiði á félagssvæðinu og arð af henni, með því:
- að stunda laxaklak eða kaupa laxaseiði til uppeldis, þegar það er samþykkt á aðalfundi;
  - að reka laxveiði fyrir alla félagsmenn sameiginlega á einum stað eða fleirum, ef henta þykir og aðalfundur samþykkir með  $\frac{2}{3}$  greiddra atkvæða;
  - að friða ána fyrir hverskonar aðferðum til laxveiða nema stangaveiði, samkvæmt þeim reglum og ákvörðunum er félagsstjórn leggur til og lögmætur félagsfundur samþykkir með  $\frac{2}{3}$  greiddra atkvæða;
  - að stuðla að því að nema burtu úr ánum tálmanir fyrir laxgöngu, er henta þykir og aðalfundur samþykkir.

#### 3. gr.

Félagssvæðið eru allar þær jarðir, sem lönd eiga að Miðfjarðará og ám þeim, er í hana falla, að undanteknum þeim jörðum sem land eiga eingöngu að Austurá fyrir framan Kambfoss. Þær jarðir, sem félagið nær yfir eru þessar: Stóri-Ós, Saurar, Ytri-Reykir, Syðri-Reykir, Efri-Torfustaðir, Neðri-Torfustaðir, Urriðaá, Bjarg, Bjargshóll, Uppsalir, Litlibakki, Barkarstaðir, Barkarstaðasel, Skárastaðir, Núpsdalstunga, Efri-Núpur, Þverá, Fosskot, Neðri-Núpur syðri, Neðri-Núpur ytri, Torfustaðir, Haugur, Litli-Hvammur, Litlatunga, Litlaþverá, Skeggjastaðir, Dalgeirsstaðir, Húkur, Kollafoss, Huppahlíð, Brekkulækur, Króksstaðir, Staðarbakki, Melstaður, Barð, Sandar.

#### 4. gr.

Félagið starfrækir laxaklak samkv. 1. gr. a. á þeim stað eða stöðum, sem félagsstjórnin velur í samráði við fiskræktarráðunaut. Kostnaði við það og öðrum gjöldum skal jafna á félagsmenn eftir þeim hlutföllum, sem arðskrá félagsins tiltekur.

#### 5. gr.

Arði af veiði félagsins skal skipta á félagsmenn samkvæmt arðskrá, sem lögmætur fundur samþykkir og hlotið hefir stjórnarráðsstaðfestingu. Arðskráin skal

**116** endurskoðuð á 5 ára fresti. Náist ekki samkomulag um breytingu, fer um það samkv. 21. júní l. nr. 61 23. júní 1932, 64. gr. 3.

6. gr.

Stjórn félagsins skipa þrjú menn: formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn, ásamt þrem varamönnum. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan kosningu, nema hann hafi setið þrjú undanfarandi ár í stjórninni og getur þá verið laus jafnlangan tíma. Aðalfundur ákveður þóknun til stjórnarinnar.

7. gr.

Stjórnin hefir á hendi allar framkvæmdir félagsins á milli funda. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefir yfirumsjón með öllum störfum þess og fjárreiðum, boðar fundi og gengst fyrir kosningu fundarstjóra. Afl atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum.

Verði félagsveiði hefir stjórnin á hendi umsjón með framkvæmd hennar.

8. gr.

Aðalfundur félagsins skal halda í janúar til marzmánaðar ár hvert. Þar skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðna árinu og leggur fram endurskoðaða reikninga til úrskurðar fundarins. Þar skulu teknar ákvarðanir um starfsemi félagsins á yfirstandandi ári. Skulu þar og kosnir tveir endurskoðendur reikninga. Einfaldur meiri hluti ræður úrslitum á fundinum nema þar sem öðruvísi er ákveðið í samþykkt þessari. Aðalfundur er lögmetur ef  $\frac{1}{4}$  félagsmanna mætir á fundinum. Aukafundi heldur stjórnin þegar hún telur ástæðu til eða  $\frac{1}{4}$  félagsmanna óskar og tilgreinir fundarefni. Enginn má fara með nema eitt atkvæði á fundum félagsins.

9. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Gjaldldagi félagsgjalda er 1. okt. ár hvert.

10. gr.

Verði samþykkt félagsveiði á félagssvæðinu, eða aðeins leyfð stangarveiði, skal óheimilt að veiða silung í ánum í net, nema samþykkt aðalfundar komi til.

11. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, allt að 1000 kr., er renni í félagssjóð; einnig séu veiðitæki upptæk. Með mál út af brotum á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

12. gr.

Samþykkt þessari má breyta á aðalfundi ef  $\frac{2}{3}$  fundarmanna samþykkja breytinguna, enda hafi þeirra verið getið í fundarboði.

13. gr.

Félaginu má slita ef  $\frac{2}{3}$  félagsmanna samþykkja félagsslit. Skuldum og eignum félagsins skal jafnað niður á félagsmenn eftir arðskránni.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 61 1932, um lax og silungsveiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 21. júní 1939.*

**Hermann Jónasson.**

*Páll Pálmason.*